


9. júlí 2020.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,  
Borgartúni 21, Höfðaborg,  
105 Reykjavík.



**Kæra vegna gjaldskrár fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.**

Ég undirritaður, Ástvaldur Elísson, kt. [REDACTED] Hofakri, Dalabyggð, kæri hér með 3. grein gjaldskrár fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð, sem staðfest var 12. desember 2019.

Ég tel gjaldskrána mjög íþyngjandi fyrir búfjáreigendur með fáa gripi þar sem aðeins þarf að eiga meira en 10 stórgripi eða meira en 50 kindur til að vera kominn í hæsta gjaldflokk. Í mínu tilfelli er um að ræða 10 kindur og 16 hross og Dalabyggð innheimtir kr. 51.000 vegna hirðingar og eyðingar dýrahræja. Búfjáreigandi með 1000 kindur og 100 hross svo dæmi sé tekið greiðir sömu fjárhæð. Þetta tel ég gróflega og óásættanlega mismunun í garð íbúa Dalabyggðar.

Undirritaður leitaði eftir leiðréttigu hjá sveitarstjórn Dalabyggðar en svar sveitarstjóra barst nýverið í tölvupósti eftir að gengið var eftir svari.

Það er ósk undirritaðs að kæra þessi verði tekin fyrir þar sem umleitanir um leiðréttigu hjá sveitarstjórn Dalabyggðar eru árangurslausar og að svar þar að lútandi er nýkomið til undirritaðs.

Virðingarfyllst,

*Astvaldur Elisson*

Ástvaldur Elísson.